

Skýrsla lagabreytinganefndar ÍRA

Lögð fram til stjórnar ÍRA 14. apríl 2016

Lagabreytingatillögur lagðar fyrir aðalfund 2016

*Tillaga um varðveislu og birtingu félagsgagna
undir liðnum önnur mál á aðalfundi 2016*

Hörður Mar Tómasson, TF3HM

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS



Inngangur

Nefnd þriggja radióamatöra sem kosin var á aðalfundi ÍRA 2015 til að móta tillögur til lagabreytinga á grundvelli fram kominna tillagna hefir lokið störfum.

Fjórum breytingatillögum var vísað til nefndarinnar.

- 1) Tillaga frá TF3GL í þremur liðum (viðauki 1)
- 2) Tillaga frá TF3KB í fimm liðum (viðauki 2)
- 3) Tillaga frá TF3DC (viðauki 3)
- 4) Tillaga frá TF3JA í þremur liðum (viðauki 4)

Nefndin auglýsti ítrekað eftir öðrum tillögum og athugasemdum og auglýsing þar að lútandi hefir staðið á forsíðu vefs félagsins í marga mánuði. Tvö erindi hafa borist á starfstíma nefndarinnar:

Tillaga frá TF5B (viðauki 5)

Tillaga frá stjórn ÍRA (viðauki 6)

Á starfstíma sínum hefir nefndin haldið fundi, jafnt formlega sem óformlega og hafa nefndarmenn varið drjúgum tíma í að meta fram komnar tillögur auk þess að velja lögnum í heild fyrir sér.

Greinilega hefir verið vandað til verka þegar lög ÍRA voru færð í þann búning sem þau hafa haft um árábil. Það er einnig álit nefndarinnar að vönduð lög séu ótvíræð verðmæti í starfi hvers félags, kjölfesta sem félagsmenn geta gengið að sem vísri og jafnframt leiðarvísir ef starfsemin í félaginu daprast eða læsist í dróma um stundarsakir. Við erum því þeirrar skoðunar að miklar breytingar á lögum félagsins á skömmum tíma séu skaðlegar og jafnframt að nú sé þeirra ekki þörf. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar og er þar helst um að ræða uppfærslur t.d. vegna nýrra tíma og svo breytingar á fjárhagsári og aðalfundartíma.

Hér á eftir fer greinargerð nefndarinnar varðandi fram komnar breytingatillögur, fyrst þeim sem vísað var á síðasta aðalfundi til nefndarinnar, síðan aðsendar tillögur á starfstíma nefndarinnar. Þar á eftir fara tillögur nefndarinnar til breytinga á lögum ÍRA fyrir aðalfund 2016. Þá er sett inn í skýrsluna til glöggvunar lög ÍRA eins og þau yrðu ef allar breytingartillögur verða samþykktar.

Að lokum er svo tillaga nefndarinnar að ályktun aðalfundar undir liðnum „önnur mál“ um varðveislu og birtingu félagsgagna.

Greinargerð lagabreytinganefndar varðandi fyrirbyggjandi tillögur

Tillögur frá Guðmundi Löve, TF3GL (sbr. viðauka 1).

1. Þessar tillögur eru efnislega lagðar fram í þriðja skipti og hefir þeim ævinlega verið vísað frá.

Ekki er talið rétt að taka undir þær nú frekar en áður. Það hefir ekki verið auðvelt að fá menn til stjórnarstarfa undanfarin ár og reglur sem þessar eru síst til þess fallnar að liðka fyrir í þeim efnum. Þar að auki er megin upplegg tillögunnar rangt, almennt hefir verið sátt um meðferð fjármuna í starfi félagsins. Það er líka löng reynsla af því að ef stjórnir hafa ráðgert að ráðast í umfangsmikil fjárútlát hefir það verið kynnt rækilega í félaginu, má nefna að bæði þegar FT-1000MP og TS-2000 stöðvarnar voru keyptar var það borið upp á aðalfundi.

Annað orðalag s.s. tal um lýðræði, stjórnsýslu og þessháttar á ekki við í þessu efni. ÍRA er áhugamannfélag en ekki stjórnvald og því fer engin stjórnsýsla fram á þess vegum, hvorki opin né lokuð.

2. Þetta atriði er nú þegar í lögum félagsins grein 3.1. og þykir nægja. Þá þykir okkur út í hött að hafa ákvæði í lögum félagsins um túlkun á lögnum. Rétt er að undirstrika að heildarhagsmunir þeir sem félaginu er falið að standa vörð um þurfa ekki í sérhverju tilvika að fara saman við sérhagsmuni einstakra manna. Þá má enn nefna að sérstakur fundur var haldinn um þetta málefni þar sem það var felld í atkvæðagreiðslu.

3. Aðalfundur er haldinn árlega og hlýtur að teljast nægilegt. Þar að auki er hægt skv. lögum félagsins að halda félagsfundi þess á milli ef þurfa þykir. Þetta hvorttvegja hlýtur að vera allt sem þarf.

Tillögur frá Kristjáni Benediktssyni, TF3KB (sbr. viðauka 2).

1. Nefndin mælir með að 1. efnisgreinin verði sett í lög ÍRA.

2. Nefndin telur þessi atriði í rauninni innifalin í starfi félagsins og lögum og þykir óþarft að tiltaka svo nákvæmlega hvernig unnið er að markmiðum félagsins.

3. Þetta er óþarfa flækjustig og íþyngjandi að mati nefndarinnar, enda ekki þótt vera vandamál til þessa.

4. Þetta er að mörgu leyti þarft og ætti að vera sjálfsagt mál. Nefndin er þó á því að ekki sé rétt að setja þetta í lög heldur verði þess í stað borin fram ályktun undir liðnum 'önnur mál' þar sem tekið verði á varðveislu- og birtingarmálum sem varða ÍRA.

5.) Nefndin telur ekki þörf á sérstakri PFS nefnd enda hafa stjórnarmenn þær skyldur sem slík nefnd færi ella með og óljóst hvar mörkin þar á milli ættu að vera. Formaður ÍRA er ábyrgur fyrir stefnu félagsins gagnvart yfirvöldum og ritari sér um dagleg samskipti og rútínúmál.

Tillaga frá Óskari Sverrissyni, TF3DC (sbr. viðauka 3).

1. Nefndin leggst gegn breytingu á gjaldfrelsi frá því sem nú er. Félagsgjald er afar hóflegt og getur ekki staðið í vegi fyrir fjölgun ungra félaga; greinin verði óbreytt áfram.

Tillögur frá Jóni Þóroddi Jónssyni, TF3JA (sbr. viðauka 4).

1. Tillögur TF3JA eru nokkuð óljósar, enda f.o.f. orðaðar almennt um að endurskoða skuli lög félagsins. Þó er þar tekið efnislega undir tillögu TF3GL um fjárhagsáætlun sem nefndin hafnaði.

2. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að ritstjórn miðla félgsins sé tilgreind í lögnum. Grein þess efnis verði í tillögum nefndarinnar.

3. Ekki þarf að fjölyrða um tillögur um endurskoðun laganna; aðalfundur ákvað aðra leið um endurskoðun þeirra og því á þetta ekki við nú.

Tillögur frá Brynjólfi Jónssyni, TF5B (sbr. viðauka 4).

1. Nefndin telur ekki rétt að flytja alla mikilsháttar umsýslu frá stjórn til aðalfunda auk þess sem sá varnagli er við skipan nefndanna að ekki má skipta nema einum á ári hið mesta. Þykir það nægja til þeirrar festu sem stefnt er að.

Tillögur frá stjórn ÍRA (sbr. viðauka 5).

Nefndin tekur undir aðsendar tillögur stjórnar í einu og öllu og gerir að sínum.

Tillögur lagabreytinganefndar til aðalfundar ÍRA 2016

1. grein verði breytt

1. gr. Heiti félagsins er "Íslenskir radióamatörar", ÍRA. Félagið er íslensk deild í IARU, alþjóðasamtökum radióamatöra, svæðissamtökunum IARU Region 1, og norrænum samtökum radióamatöra, NRAU.

Greinin var:

1. gr. Heiti félagsins er "Íslenskir radióamatörar", ÍRA. Félagið er íslensk deild í alþjóðasamtökum radióamatöra, IARU Region 1, og norrænum samtökum radióamatöra, NRAU.

Hér er heildarsamtökunum IARU bætt við til að útiloka vafa.

5. grein verði breytt

5. gr. Allir áhugamenn um radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar, enda hafi umsækjandi um inngöngu kynnt sér þau og lýst sig samþykkan þeim. Inntökubeiðni í félagið skal vera skrifleg og sendist stjórninni ásamt félagsgjaldi. Þó greiði þeir sem sækja um inngöngu í félagið eftir 1. september ár hvert, aðeins hálf félagsgjald. Afgreiðsla inntökubeiðna liggur niðri milli 1. janúar og fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar.

Greinin var:

5. gr. Allir áhugamenn um radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar, enda hafi umsækjandi um inngöngu kynnt sér þau og lýst sig samþykkan þeim. Inntökubeiðni í félagið skal vera skrifleg og sendist stjórninni ásamt árgjaldi. Þó greiði þeir sem sækja um inngöngu í félagið eftir 1. nóvember ár hvert, aðeins hálf árgjald. Afgreiðsla inntökubeiðna liggur niðri milli fyrsta apríl og fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar.

Hér eru tímasetningar uppfærðar til samræmis við nýjan aðalfundartíma og breytt fjárhagsár frá því sem var.

8. grein verði breytt

8. gr. Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Stjórn getur veitt afslátt af félagsgjöldum félaga sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldldagi er 1. apríl ár hvert og eindagi 1. júlí. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

Greinin var:

8. gr. Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Stjórn getur veitt afslátt af félagsgjöldum félaga sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldldagi er 1. júní ár hvert og eindagi 1. september. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

Hér er dagsetningum vikið til vegna breytinga á fjárhagsári félagsins.

10. grein verði breytt

10. gr. Einungis skuldlausir félagar hafa kosningarétt og kjörgengi. Skylt er að veita árgjöldum viðtöku við upphaf fundar sé þess óskað.

Greinin var:

10. gr. Einungis skuldlausir félagar hafa kosningarétt og kjörgengi. Skyld er að veita árgjöldum viðtöku við upphaf fundar sé þess óskað. Erlendir ríkisborgarar öðlast kosningarétt og kjörgengi eftir 3 ár í félaginu.

Hér er felld brott að sérstakar takmarkanir vegna erlends ríkisfangs séu í félaginu.

13. grein verði breytt

13. gr. Félagi sem á óhægt um vik að sækja fund af ástæðum sem fundurinn tekur gildar, getur falið öðrum félaga með jafnmikinn eða meiri kosningarétt, að fara með atkvæði sitt í tilteknu máli, þó ekki stjórnarkjöri. Þá skal skriflegt umboð þar að lútandi lagt fyrir til samþykktar í upphafi fundar. Enginn getur farið með fleiri umboð en eitt.

Greinin var:

13. gr. Félagi sem á óhægt um vik að sækja fund vegna búsetu eða af öðrum ástæðum sem fundurinn tekur gildar, getur falið öðrum félaga með jafnmikinn eða meiri kosningarétt, að fara með atkvæði sitt í tilteknu máli, þó ekki stjórnarkjöri. Þá skal skriflegt umboð þar að lútandi lagt fyrir til samþykktar í upphafi fundar. Enginn getur farið með fleiri umboð en eitt.

Hér er felld út að búseta þurfi að vera meginástæða umboðs.

14. grein verði breytt

14. gr. Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æskja þess. Boða skal til félagsfunda með a.m.k. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum. Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

Greinin var:

14. gr. Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æskja þess. Stjórn skal leitast við að gefa félagsmönnum búsettum á landsbyggðinni kost á því að taka þátt í félagsfundum á Internetinu. Boða skal til félagsfunda með a.m.k. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum. Félagsmenn á landsbyggðinni skulu tilkynna stjórn um áhuga sinn á því að fylgjast með félagsfundi á Internetinu innan tveggja daga frá boðun fundarins. Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

Hér eru ákvæði um fjarfundarsókn felld niður enda verði sett inn sérstök grein sem almennt tekur til þeirra málefna.

Ný grein komi inn sem 16. grein. Tölumerking greina þar á eftir hækki sem því nemur.

16. gr. Stjórn skal leitast við að gefa félagsmönnum kost á því að taka þátt í félagsfundum, þ.m.t. aðalfundi, á Internetinu. Félagsmenn skulu tilkynna stjórn um áhuga sinn á því að taka þátt í félagsfundi á Internetinu innan tveggja daga frá boðun fundarins. Sá sem tekur þátt í fundi með fjarfundarbúnaði getur undir liðnum „könnuð umboð“ tilnefnt trúnaðarmann á fundinum til að árita skrifleg skjöl, t.d. atkvæðaseðla, meðan á fundi stendur og skal fundarstjóri taka við tilnefningunni.

Möguleiki á þáttöku með fjarfundarbúnaði er hér látinn taka til allra félagsfunda þ.m.t. aðalfundar. Sérstakur trúnaðarmaður slíks þátttakanda sem hann tilnefnir við fundarstjóra í upphafi fundar útfyllir þau skjöl sem þarf á fundinum, t.d. atkvæðaseðla í leynilegum kosningum.

16. grein verði breytt og verði nú 17. gr.

17. gr. Aðalfund skal halda ár hvert á tímabilinu frá 15. feb. – 15. mars. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag.

Greinin var:

16. gr. Aðalfund skal halda seinnihluta maímánaðar ár hvert. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag.

Í samræmi við tillögu stjórnar ÍRA um breyttan aðalfundartíma og breytt fjárhagsár eru lagðar til nýjar dagsetningar.

19. grein verði breytt og verði nú 20. gr.

20. gr. Fjárhagsár félagsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Skoðunarmenn reikninga skulu hafa rannsakað bókhald félagsins og kannað eignir áður en gjaldkeri leggur fram reikninga. Að rannsókn lokinni undirrita þeir reikningana og láta þess getið að þeir undirriti sem skoðunarmenn reikninga. Komist þeir að raun um að bókhaldið sé ekki rétt, skulu þeir láta þess getið og rita stutta greinargerð til skýringar.

Greinin var:

19. gr. Fjárhagsár félagsins skal vera frá 1. apríl til 31. mars ár hvert. Skoðunarmenn reikninga skulu hafa rannsakað bókhald félagsins og kannað eignir áður en gjaldkeri leggur fram reikninga. Að rannsókn lokinni undirrita þeir reikningana og láta þess getið að þeir undirriti sem skoðunarmenn reikninga. Komist þeir að raun um að bókhaldið sé ekki rétt, skulu þeir láta þess getið og rita stutta greinargerð til skýringar.

Í samræmi við tillögu stjórnar ÍRA um breyttan aðalfundartíma og breytt fjárhagsár eru lagðar til nýjar dagsetningar.

Ný grein komi inn sem 28. grein. Tölumerking greina þar á eftir hækki sem því nemur.

28. gr. Félagið skal halda úti vefsíðu með heitinu „ira.is“. Stjórn skipar vefstjóra. Hann sér til þess að efni vefsins sé uppfært eftir þörfum og aðgengilegt félagsmönnum á hverjum tíma.

Ekki eru ákvæði í lögum félagsins um að halda skuli úti vef en þó er mælt fyrir um að vefinn megi og skuli nota. Þetta er því sett inn til áréttingar þar að lútandi.

27. grein verði breytt og verði nú 29. gr.

29. gr. Félagslögum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi frumvarp að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. janúar og verið dreift með aðalfundarboði. Þó getur aðalfundur samþykkt breytingar á félagslögum, sem fram koma á fundinum, séu a.m.k. 88% fundarmanna samþykkir. Breytingartillögur sem fram koma á aðalfundi skulu einungis varða þær tillögur er þar liggja fyrir og nauðsynlegar afleiðingar þeirra. Með tillögum að breytingum skal fylgja skrifleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir ástæðum tillagnanna og væntum áhrifum þeirra. Sé ætlunin að lagabreyting hafi víðtækari áhrif en eingöngu á félagslögin sjálf, svo sem ógildi sérstakar aðalfundarályktanir eða sérstakar samþykktir fyrri aðalfunda skal sérstaklega vísað til þeirra í viðkomandi breytingartillögu og greinargerð.

Greinin var:

27. gr. Félagslögum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi frumvarp að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. apríl og verið dreift með aðalfundarboði. Þó getur aðalfundur samþykkt breytingar á félagslögum, sem fram koma á fundinum, séu 88% fundarmanna samþykkir. Breytingartillögur sem fram koma á aðalfundi skulu einungis varða þær tillögur er þar liggja fyrir og nauðsynlegar afleiðingar þeirra. Með tillögum að breytingum skal fylgja skrifleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir ástæðum tillagnanna og væntum áhrifum þeirra. Sé ætlunin að lagabreyting hafi víðtækari áhrif en eingöngu á félagslögin sjálf, svo sem ógildi sérstakar aðalfundarályktanir eða sérstakar samþykktir fyrri aðalfunda skal sérstaklega vísað til þeirra í viðkomandi breytingartillögu og greinargerð.

Hér er dagsetningu vegna lagabreytingatillagna breytt vegna nýs aðalfundartíma auk þess sem ákvæði um afbrigði er gert skýrara þannig að ekki sé hægt að líta á að hvorki fleiri né færri en 88% fundarmanna þurfi til að samþykkja þau.

28. grein verði breytt og verði nú 30. gr.

30. gr. Félagslög skal birta í blaði félagsins CQ TF og á vefsvæði félagsins og öðlast gildi þegar í stað. Sérstakar samþykktir og ályktanir aðalfunda eða félagsfunda skal birta með sama hætti.

Greinin var:

28. gr. Félagslög skal birta í blaði félagsins CQ TF og á vefsvæði félagsins <http://www.ira.is> og öðlast gildi þegar í stað. Sérstakar samþykktir og ályktanir aðalfunda eða félagsfunda skal birta með sama hætti.

Ekki er ástæða til að taka fram heiti vefsins enda sé komin ný grein um vef félagsins sem innifelur heiti hans.

Lög ÍRA borin fram á aðalfundi í maí 2016

1. gr.

Heiti félagsins er "Íslenskir radióamatörar", ÍRA. Félagið er íslensk deild í IARU, alþjóðasamtökum radióamatöra, svæðissamtökunum IARU Region 1, og norrænum samtökum radióamatöra, NRAU.

2. gr.

Heimili félagsins er í Reykjavík. Póstfang ÍRA er „Pósthólf 1058, 121 Reykjavík“.

3. gr.

Markmið félagsins eru að:

1. Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
2. Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
3. Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
4. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
5. Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
6. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
7. Örva radióiþróttir meðal radióamatöra.
8. Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
9. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.

4. gr.

Merki félagsins er tígullaga og er lengri hornalína tígulsins lóðrétt. Mynd merkisins er tákn loftnets, spólu, þéttis og grunntengingar, raðtengt, svo og stafirnir ÍRA. Grannur rammi fylgir útbrún merkisins.

FÉLAGAR

5. gr.

Allir áhugamenn um radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar, enda hafi umsækjandi um inngöngu kynnt sér þau og lýst sig samþykkan þeim. Inntökubeiðni í félagið skal vera skrifleg og sendist stjórninni ásamt árgjaldi. Þó greiði þeir sem sækja um inngöngu í félagið eftir 1. september ár hvert, aðeins hálf árgjald. Afgreiðsla inntökubeiðna liggur niðri milli 1. janúar og fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar.

6. gr.

Stjórnarfundur getur kjörið heiðursfélaga með samþykki allra stjórnamanna. Honum skal afhent skjal því til staðfestingar. Heiðursaðild varir svo ævilangt. Í félagatali skal ætíð telja upp alla heiðursfélaga frá upphafi í sérstakri skrá.

7. gr.

Ef brot félagsmanns á lögum eða reglum skaðar hagsmuni amatörhreyfingarinnar, eða hann á annan hátt vinnur gegn markmiðum félagsins, getur stjórnin mælt til þess með bréfi að hann segi sig úr félaginu. Bréfið skal afhenda honum sjálfum eða senda í staðfestum ábyrgðarpósti. Uni viðkomandi ekki þeim málalokum skal hann tilkynna það skriflega innan 6 vikna. Þá skal strax fela nefnd þriggja síðustu formanna félagsins, sem ekki eiga aðild að stjórn, að kynna sér málavöxtu sem best frá báðum hliðum og kveða upp úrskurð um brottvikningu eður ei. Hann skal birtur viðkomandi og öðrum félagsmönnum ásamt rökstuðningi. Sé bréfi stjórnar ekki sinnt tekur úrsögn sjálfkrafa gildi. Fáist ekki þrír fyrrverandi formenn í nefndina skal leita í hóp varaformanna, þá ritara, gjaldkera og meðstjórnanda, og telja upp í greinargerð nefndar nöfn og ástæður þeirra sem ekki fengust. Einu gildir þótt maður sé ekki félagi þá stundina, enda hafi brottför hans úr félaginu ekki borið að samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Hverfi maður úr félaginu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar þarf samþykki félagsfundar til að hann fái inngöngu á ný, enda hafi tillögu þess efnis sérstaklega verið getið í skriflegu fundarboði.

GJÖLD

8. gr.

Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Stjórn getur veitt afslátt af félagsgjöldum félaga sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldldagi er 1. apríl ár hvert og eindagi 1. júlí. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflegri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

STJÓRN

9. gr.

Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Hann er talsmaður félagsins. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Hann sinnir starfsáætlun og framkvæmd hennar. Ritari sér til þess að bréfleg erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifri aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili. Gjaldkeri innheimtir félagsgjöld, varðveitir sjóði og annast greiðslur í samráði við stjórn. Gjaldkeri heldur rétt félagatal á hverjum tíma og varðveitir eldri skrár. Hann sér um útgáfu félagatals. Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum. Segi stjórnarmaður af sér milli aðalfunda tekur varamaður við og gengur sá fyrir sem flest atkvæði hlaut á aðalfundi, ella ræður hlutkesti. Tveir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar án atbeina formanns sjái þeir ástæðu til.

KOSNINGARÉTTUR OG KJÖRGengi

10. gr.

Einungis skuldlausir félagar hafa kosningarétt og kjörgengi. Skylt er að veita árgjöldum viðtöku við upphaf fundar sé þess óskað.

11. gr.

Frambjóðendur til formanns skulu hafa G leyfi. Aðrir frambjóðendur til stjórnar skulu vera leyfishafar eða eiga minnst þrjú ár að baki í félaginu.

12. gr.

Í málum sem varða lagabreytingar, leyfisveitingar og próf hafa einungis leyfishafar atkvæðisrétt.

13. gr.

Félagi sem á óhægt um vik að sækja fund af ástæðum sem fundurinn tekur gildar, getur falið öðrum félaga með jafnmikinn eða meiri kosningarétt, að fara með atkvæði sitt í tilteknu máli, þó ekki stjórnarkjöri. Þá skal skriflegt umboð þar að lútandi lagt fyrir til samþykktar í upphafi fundar. Enginn getur farið með fleiri umboð en eitt.

FÉLAGSFUNDIR

14. gr.

Stjórn boðar til almennra félagsfunda. Henni er skylt að gera það ef 12 leyfishafar hið minnsta æskja þess. Boða skal til félagsfunda með a.m.k. viku fyrirvara nema í algerum neyðartilfellum. Rita skal fundargerð félagsfundar og birta með sama hætti og fundargerð aðalfundar.

15. gr.

Félagsfundur getur ályktað um mál en ákvörðun er á valdi stjórnar eða aðalfundar.

16. gr.

Stjórn skal leitast við að gefa félagsmönnum kost á því að taka þátt í félagsfundum, þ.m.t. aðalfundi, á Internetinu. Félagsmenn skulu tilkynna stjórn um áhuga sinn á því að taka þátt í félagsfundi á Internetinu innan tveggja daga frá boðun fundarins. Sá sem tekur þátt í fundi með fjarfundarbúnaði getur undir liðnum „könnuð umboð“ tilnefnt trúnaðarmann á fundinum til að árita skrifleg skjöl t.d. atkvæðaseðla meðan á fundi stendur og skal fundarstjóri taka við tilnefningunni.

AÐALFUNDUR

17. gr.

Aðalfund skal halda ár hvert á tímabilinu frá 15. feb.–15. mars. Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða póstleggja eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag.

18. gr.

Ef liðnir eru 18 mánuðir frá síðasta aðalfundi geta 12 leyfishafar sem þá höfðu kosningarétt, boðað til aðalfundar, enda riti allir undir fundarboðið með fullu nafni og kallmerki.

19. gr.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn fundarritari.
3. Könnuð umboð.
4. Athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði.
5. Formaður gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
6. Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta.
7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
8. Lagabreytingar.
9. Stjórnarkjör.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.

20. gr.

Fjárhagsár félagsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Skoðunarmenn reikninga skulu hafa rannsakað bókhald félagsins og kannað eignir áður en gjaldkeri leggur fram reikninga. Að rannsókn lokinni undirrita þeir reikningana og láta þess getið að þeir undirriti sem skoðunarmenn reikninga. Komist þeir að raun um að bókhaldið sé ekki rétt, skulu þeir láta þess getið og rita stutta greinargerð til skýringar.

21. gr.

Stjórnarkosningar skulu vera leynilegar og ræður einfaldur meirihluti.

22. gr.

Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.

23. gr.

Fundargerð aðalfundar skal birta í fyrsta CQ TF eftir aðalfund. Berist ekki athugasemdir við hana frá neinum er sat fundinn innan 6 mánaða frá birtingu telst fundargerðin rétt, annars skulu athugasemdir kynntar með fundarboði næsta aðalfundar og úrskurðar sá aðalfundur með einfaldri atkvæðagreiðslu um það hvort fundargerð skuli breytt.

PRÓFNEFND

24. gr.

Hlutverk prófnefndar félagsins er að: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

EMC NEFND

25. gr.

Hlutverk EMC-nefndar félagsins (*e. Electro Magnetic Compatibility*) er að: (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á.m. truflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með stjórnvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radióamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC-nefnd sitja þrír menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

QSL-ÞJÓNUSTA

26. gr.

Reka skal QSL-þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

CQ TF OG VEFUR

27. gr.

Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

28. gr.

Félagið skal halda úti vefsíðu með heitinu „ira.is“. Stjórn skipar vefstjóra. Hann sér til þess að efni vefsins sé uppfært eftir þörfum og aðgengilegt félagsmönnum á hverjum tíma.

GILDISTAKA OG BREYTINGAR

29. gr.

Félagslögum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi frumvarp að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. janúar og verið dreift með aðalfundarboði. Þó getur aðalfundur samþykkt breytingar á félagslögum, sem fram koma á fundinum, séu a.m.k. 88% fundarmanna samþykkir. Breytingartillögur sem fram koma á aðalfundi skulu einungis varða þær tillögur er þar liggja fyrir og nauðsynlegar afleiðingar þeirra. Með tillögum að breytingum skal fylgja skrifleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir ástæðum tillagnanna og væntum áhrifum þeirra. Sé ætlunin að lagabreyting hafi víðtækari áhrif en eingöngu á félagslögin sjálf, svo sem ógildi sérstakrar aðalfundarályktanir eða sérstakrar samþykktir fyrri aðalfunda skal sérstaklega vísað til þeirra í viðkomandi breytingartillögu og greinargerð.

30. gr.

Félagslög skal birta í blaði félagsins CQ TF og á vefsvæði félagsins og öðlast gildi þegar í stað. Sérstakar samþykktir og ályktanir aðalfunda eða félagsfunda skal birta með sama hætti.

Viðauki 1, lagabreytingatillaga frá TF3GL

Reykjavík, 14. apríl 2015

Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi ÍRA 2015

Undirritaður leggur fram þrjár tillögur til breytinga á lögum ÍRA á aðalfundi félagsins 2015 og fara tillögurnar hér á eftir.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Löve, TF3GL

Lagabreytingartillaga nr. 1:

Ný grein komi í kaflann Stjórn á eftir núv. 8. gr., sem hljóði svo:

9. grein

Svo fljótt sem verða má eftir aðalfund skal nýkjörin stjórn gera sundurliðaða fjárhagsáætlun fyrir nýhafið starfsár og senda félagsmönnum til kynningar í tölvupósti og kynna á félagsfundi. Stjórn er óheimilt að stofna til verulegra eða óvenjulegra útgjalda eða skuldbindinga fyrir hönd félagsins fyrr en að lokinni slíkri kynningu. Stjórn er óheimilt að fara verulega út fyrir ramma fjárhagsáætlunar á starfsárinu nema eftir útgáfu nýrrar áætlunar og nýtt kynningarferli.

Greinargerð með tillögunni:

Ráðstöfun fjármuna hefur oft orðið deiluefni meðal félagsmanna, enda birtist stefna og áherslur stjórnarinnar að töluverðu leyti í ráðstöfun hennar á fjármunum.

Með því að birta stefnu sína gegnum fjárhagsáætlun og gera félagsmönnum kleift að hafa skoðun á henni gegnum kynningarferli aukast líkurnar á að unnt verði að sætta sjónarmið.

Þá er það einnig sjálfsögð og góð stjórnsýsla að setja sér áætlun og vinna eftir henni. Það er síður en svo ætlunin með tillögunni að taka ráðstöfunarvaldið af stjórninni, heldur fyrst og fremst að bæta stjórnsýslu og lýðræðisleg ferli.

Tillagan um fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár stjórnar hefur ekki áhrif á bókhaldslegt fjárhagsár félagsins sem miðast við 1. apríl.

Lagabreytingartillaga nr. 2:

Ný grein komi í kaflann Stjórn á eftir núv. 8. gr. eða nýrri 9. gr. sbr. tillögu 1, sem hljóði svo:

10. grein

Stjórn og nefndir ÍRA skulu ávallt túlka lög og reglur um radióáhugamenn sem víðast og vinna að því að þær verði rýmkaðar þar sem slíkt er mögulegt. Þá skulu stjórn og nefndir ÍRA fylgja eftirfarandi vinnureglum við útgáfu álita eða umsagna til þriðju aðila um hvers konar fyrirspurnir eða beiðnir amatöra: (a) Kalla viðkomandi amatör til fundar ef ekki þykir liggja ljóst fyrir að gefa strax út rökstutt álit sem styður beiðni viðkomandi amatörs. (b) Náist ekki samkomulag á fundi við viðkomandi amatör um lyktir málsins, þá skal leyfa amatörnum þá að njóta vafans og reka málið sjálfur, en ÍRA gefi þá ekki íþyngjandi álit.

Greinargerð með tillögunni:

Borið hefur á að blandað hafi verið saman **iðkun** amatörradíós annars vegar og opinbers **lagaramma** um radióáhugamenn hins vegar.

Þetta er a því leyti sitt hvor hluturinn, að **iðkunin** lýtur þeim reglum sem amatörar setja sér sjálfir (s.s. í keppnum og viðurkenningum), en **lagaramminn** skilgreinir hvaða tæknilegu skilmálar gilda gagnvart hinu opinbera um stöðvar og útsendingar radióáhugamanna (s.s. leyfileg tíðnisvið, bandbreidd, afl og kallmerkjanotkun).

Tillöguhöfundur telur nauðsynlegt að aftengja iðkun amatörradíós (innri leikreglur amatöra) frá túlkun lagarammans (opinberar kröfur).

Þessu til stuðnings má benda á að bandarísku radióamatörsamtökin ARRL hafa á þessu ári (2015) rýmkað verulega sínar eigin reglur vegna DXCC til að taka tillit til þeirra tæknilegu möguleika í fjaraðgangi sem heimilaður er í hinum opinberu reglum.

Tillagan er efnislega samhljóða ályktunartillögu sem flutt var af tuttugu amatörum á félagsfundi árið 2014, þar sem hún var felld með litlum mun.

Lagabreytingartillaga nr. 3:

Ný grein komi í kaflann Aðalfundur á eftir núv. 22. gr., sem hljóði svo:

23. grein

Stjórn skal án tafar boða til aukaaðalfundar ef 18 leyfishafar hið minnsta, sem höfðu kosningarétt á síðasta reglulega aðalfundi, æskja þess. Um aukaaðalfundi fer að öllu eins og um reglulega aðalfundi samkvæmt lögum þessum. Sinni stjórn ekki fundarboðun innan viku frá móttöku óskar þar um, má þó boða til aðalfundar skv. 17. grein þrátt fyrir að ekki séu liðnir 18 mánuðir frá síðasta aðalfundi.

Greinargerð með tillögunni:

Það er ástæðulaust að hræðast lýðræðið. Í lýðræðisríki kemur eina mögulega ógnin frá stjórnvöldum en ekki borgurunum, enda er ríkið til fyrir borgarana en ekki stjórnvöld. Á vettvangi ÍRA er ákvæði um aukaaðalfund hugsað sem öryggisventill ef grípa þarf inn í grunnstarfsemi félagsins innan ársins þegar langt er til næsta aðalfundar.

Þrátt fyrir að heimilt verði að boða til aukaaðalfundar eru lagabreytingum áfram sömu takmörk sett: (a) Lögum verður aðeins breytt með meirihlutakosningu á reglulegum aðalfundi, hafi tillögur þess efnis borist fyrir tilskilinn frest, og (b) fari svo að lagabreytingartillögur komi fram á aukaaðalfundinum þurfa þær áfram 88% atkvæða til að hljóta brautargengi sbr. núv. 27. gr.

Viðauki 2, lagabreytingatillaga frá TF3KB

1. gr. Þar sem aðild okkar er í alþjóðasamtökunum IARU og svæðissamtökunum IARU Region 1. og þetta tvennt þarf ekki endilega að fara saman, er lagt til að bæði séu tilgreind, þannig að málsgreinin sé eftirfarandi:

Heiti félagsins er "Íslenskir radióamatörar", ÍRA. Félagið er íslensk deild í IARU, alþjóðasamtökum radióamatöra, svæðissamtökunum IARU Region 1, og norrænum samtökum radióamatöra, NRAU.

3. gr. Lagt er til að aftan við 3. grein bætist eftirfarandi:

Auk innra félagsstarfs vinnur ÍRA að þessum markmiðum sínum með góðu sambandi við önnur félög, alþjóðasamtök og íslensk stjórnvöld á grundvelli radióamatörhefða og með hliðsjón af ITU.

Félagsfundir

Til samræmingar því sem úðkast hjá IARU og víðar, er lagt til að eftirfarandi ný grein komi á undan núverandi 18. grein:

Á félags- og aðalfundum þarf hvert málefni, umræða eða tillaga að njóta stuðnings a.m.k. eins félagsmanns auk málshefjanda, eigi umræða að fara fram. Enginn getur stungið upp á sjálfum sér til embættis eða starfs, heldur skal sama gilda, að uppástunga skal njóta stuðnings a.m.k. eins félagsmanns auk málshefjanda. Enn fremur skal eftir fremsta megni leysa ágreining meðal félagsmanna, einkum hvað varðar grundvallaratriði radióamatörstarfseminnar, með sammæli (consensus) frekar en atkvæðagreiðslu.

Minnisbók ÍRA

Lagt er til að eftirfarandi ný grein komi á eftir núverandi 22. grein:

Í aðgengilegri minnisbók skal halda til haga gildandi (1) lögum félagsins, (2) samþykktum, (3) verklagsreglum og (4) öðru sem stuðlar að upplýstri samfelli í starfsemi félagsins.

PFS nefnd

Lagt er til að á eftir núverandi 22. grein komi eftirfarandi ný grein

Í PFS nefnd sitja þrír menn skipaðir af stjórn. Skulu þeir vera radióamatörar með víðtæka reynslu af amatörstarfsemi og -hefðum, félagsstörfum, alþjóðastarfsemi og ITU. Formaður nefndarinnar gegnir embætti PFS tengils ÍRA. Hlutverk nefndarinnar er (1) að stuðla að góðu og ábyrgu sambandi ÍRA og PFS, (2) leita eftir almennum fundi með PFS 1-2svar á ári, (3) auk þess að vera stjórn til ráðgjafar í ITU málum og öðrum málum utan rútínu.

Viðauki 3, lagabreytingatillaga frá TF3DC

Tillaga til lagabreytingar á aðalfundi 2015:

Námsmenn yngri en 24 ára þurfa ekki að greiða félagsgjald. Fellt er út ákvæði um að 16 ára og yngri greiði hálf félagsgjald.

Áttunda grein félagslaganna hljóðar svo:

8. gr.

Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna, þeir sem eru 67 ára og eldri og yngra fólk en 16 ára greiði hálf árgjald. Stjórn getur veitt afslátt af félagsgjöldum félaga sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldldagi er 1. júní ár hvert og eindagi 1. september. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

Lagt er til að hún breytist og verði þannig:

8. gr. með breytingum:

Félagsgjöld miðast við fjárhagsár félagsins. Makar félagsmanna og þeir sem eru 67 ára og eldri greiða hálf gjald. Námsmenn yngri en 24 ára greiða ekki félagsgjald. Stjórn getur veitt afslátt af félagsgjöldum félaga sem búa við erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Undanþegnir greiðslu eru heiðursfélagar. Gjaldldagi er 1. júní ár hvert og eindagi 1. september. Fjárhæð félagsgjalda skal ákveðin á aðalfundi viðkomandi árs. Þegar félagsgjöld tveggja ára eru fallin ógreidd í eindaga er stjórn skylt að taka viðkomandi félagsmann af skrá að undangenginni bréflægri aðvörun. Skuld hans skal afskrifuð í bókhaldi félagsins.

Rökstuðningur: Meðalaldurinn í félaginu er hár (58 ár við síðustu athugun). Við þurfum að fá yngra fólk með áhuga á fjarskiptum og tækni til liðs við okkur og því er tillagan flutt.

Flutningsmaður er Óskar Sverrisson, TF3DC, gjaldkeri ÍRA.

Ef stjórnarmenn treysta sér til að vera meðflutningsmenn væri það eflaust sterkara að þetta yrði sett fram sem „stjórnarfrumvarp“ eins og við ræddum á síðasta stjórnarfundum þar sem málið bar á góma.

12/4/2015/ÓS.

Viðauki 4, lagabreytingatillaga frá TF3JA

Tillaga að lagabreytingu frá TF3JA.

Reykjavík 14. apríl 2015/TF3JA

Til stjórnar félags íslenskra radióamamtöra, ÍRA

Tillaga að breytingu á félagslögum ÍRA:

Aðalfundur ÍRA 2015 samþykkir að setja inn eftirfarandi sérákvæði í lög félagsins:

Fremst í 27. grein félagslaga ÍRA komi:

27. gr.

Á árinu 2015 verður unnið að endurskoðun laga ÍRA með það að markmiði:

...að setja inn ákvæði um fjárhagsáætlun í þá veru að nýkjörin stjórn skuli innan mánaðar frá aðalfundi boða til félagsfundar og leggja fram til samþykktar fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir komandi starfsár.

...að setja inn í félagslögin skýrari og endurskoðuð ákvæði um starfshætti stjórnar og samráð stjórnar við félagsmenn ÍRA, heimasíðu ÍRA og útgáfu CQ TF.

...að endurskoða í heild lög félagsins og ljúka þeirri vinnu fyrir 1. nóvember 2015. Niðurstaðan verði lögð fyrir sérstakan félagsfund um miðjan nóvember 2015. Sérstakur félagsfundur haldinn í nóvember 2015 hefur fullt vald til að ákveða ný lög fyrir félagið enda verður sá fundur boðaður á sama hátt og aðalfundur félagsins. Endurskoðunarvinnan verður unnin á opnum vettvangi félagsins og stjórnin skipar einn radióamatör með G-leyfi til að stýra því starfi.

... úr gildandi lögum ÍRA:

GILDISTAKA OG BREYTINGAR

27. gr.

Félagslögum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda hafi frumvarp að nýjum eða breyttum greinum borist stjórn félagsins fyrir 15. apríl og verið dreift með aðalfundarboði. Þó getur aðalfundur samþykkt breytingar á félagslögum, sem fram koma á fundinum, séu 88% fundarmanna samþykkir. Breytingartillögur sem fram koma á aðalfundi skulu einungis varða þær tillögur er þar liggja fyrir og nauðsynlegar afleiðingar þeirra. Með tillögum að breytingum skal fylgja skrifleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir ástæðum tillagnanna og væntum áhrifum þeirra. Sé ætlunin að lagabreyting hafi viðtækari áhrif en eingöngu á félagslögin sjálf, svo sem ógildi sérstakrar aðalfundarályktanir eða sérstakrar samþykktir fyrri aðalfunda skal sérstaklega vísað til þeirra í viðkomandi breytingartillögu og greinargerð.

28. gr.

Félagslög skal birta í blaði félagsins CQ TF og á vefsvæði félagsins <http://www.ira.is> og öðlast gildi þegar í stað. Sérstakar samþykktir og ályktanir aðalfunda eða félagsfunda skal birta með sama hætti.

Í fundargerð aðalfundar 2013 eru nánari upplýsingar um þær breytingar sem samþykktar voru á lögnum.

Viðauki 5, lagabreytingatillaga frá TF5B

Undirritaður hefur hér þrjár tillögur um breytingar en þær eiga við núverandi 23. og 24. grein laga félagsins. Og sú þriðja almenn.

Og breytingin er sú að í stað „skipaðir af stjórn“ skuli standa „skipaðir af aðalfundi“ eða „kosnir af aðalfundi“ annað skuli standa óbreytt

Þriðja breytingin er síðan almenn en hún er sú að allar meiriháttar nefndir félagsins séu skipaðar eða kosnar af aðalfundi.

Rökin eru þau að þetta skapi meiri festu og öryggi í störfum þessara nefnda og nefnda félagsins almennt þannig að þær séu ábyrgar fyrir aðalfundi og að stjórn félagsins hverju sinni geti ekki hrært í störfum nefnda heldur beri þær ábyrgð fyrri aðalfundi sem er æðsta vald félagsins hverju sinni.

73 Brynjólfur Jónsson TF5B

Viðauki 6, lagabreytingatillaga frá stjórn ÍRA

Stjórn ÍRA 2015 – 2016 gerir það að tillögu sinni til Lagabreytinganefndar ÍRA að hún taki inn í tillögu sína að nýjum lögum/samþykktum fyrir félagið að fjárhagsár félagsins verði framvegis almanaksárið og athugi með heppilega tímasetningu aðalfundar í því sambandi. Hugnast okkur vel að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags þessara mála hjá félaginu hér áður fyrir - þegar fjárhagsárið var almanaksárið og aðalfundur haldinn í febrúar eða mars.

73 de TF3JA

Tillaga um varðveislu og birtingu félagsgagna

lögð fram til samþykktar undir liðnum „önnur mál“ á aðalfundi 2016

Stjórn ÍRA skal halda til hags því sem kalla mætti „Minnisbók ÍRA“ á vef félagsins og vera aðgengileg félagsmönnum að staðaldri. Þar skal varðveita:

- a) lög félagsins, bæði gildandi lög og eldri útgáfur
- b) samþykktir, s.s. ályktanir aðalfunda
- d) fundargerðir stjórnar
- c) verklagsreglur
- d) annað sem stuðlar að upplýstri samfellu í starfsemi félagsins